



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

2.12. 2005

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um starfsmannaleigur, 366 mál**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um starfsmannaleigur.

Samstaða var um þau efnisatriði sem fram koma í frumvarpinu í starfshópi sem skipaður var af félagsmálaráðherra meðal annars til að skoða nauðsyn þess að sett yrðu lög um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi og Samtök atvinnulífsins áttu aðild að. Tilgangurinn er að auðvelda eftirlit með því að þær starfsmannaleigur sem veita þjónustu hér á landi fari að lögum og kjarasamningum.

Gildissvið laganna er skilgreint í 1. gr. frumvarpsins. Það segir að með starfsmannaleigu sé átt við þjónustufyrirtæki sem samkvæmt samningi leigi út starfsmenn sína gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess síðarnefnda. Starfsmannaleiga er því samkvæmt frumvarpinu fyrirtæki sem veitir þá þjónustu að leigja starfsmenn til annars fyrirtækis sem fer þá með verkstjórnina. Að mati SA er þó æskilegt að þetta sé skýrt nánar til að taka af allan vafa um að lögum sé ekki ætlað að taka til tillfallandi láns á starfsmönnum milli fyrirtækja, sem ekki er óalgengt hér á landi. Þá þarf að vera hafið yfir allan vafa að lögin taki ekki til verktakasamninga jafnvel þótt verktakan geti að einhverju leyti fallið undir verkstjórn notendafyrirtækis. Slíkar skýringar vantar í greinargerð með frumvarpinu og því er mikilvægt að þær komi fram í nefndaráli.

Þá hefur SA verið bent á að ákvæði 6. gr. um að bann við útleigu starfsmanns sem áður hefur starfað hjá notendafyrirtækinu í sex mánuði frá starfslokum hans sé óþarflega víðtækt. Í skýringum með ákvæðinu kemur fram að með því sé komið í veg fyrir að fyrirtæki segi starfsmönnum upp til þess eins að ráða þá óbeint aftur í gegn um starfsmannaleigur. Spurning er því hvort ástæða sé til þess að láta þessa takmörkun ná til þeirra tilvika þegar starfsmaður segir sjálfur upp störfum. Önnur leið er að Vinnumálastofnun geti veitt undanþágu frá þessu ákvæði laganna.

Samtök atvinnulífsins mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur